



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 3

Dags.: 26. apríl 2014

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **CHAIN CLEANER**

1.2. Tilgreind notkun Hreinsiúði.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
515 1000

Sími:

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP-FLOKKUN Eldf. úði 1; H222
Húðert. 2; H315
STOT SE 3; H336
Langv. eit. á vatn. 2; H411

2.2. Merkingaratriði



Hættumerki

Viðvörðunarorð

Hættusetningar (CLP)

Hætta.
H222 – Úðabrusi með afar eldfimum efnum.
H315 – Veldur húðertingu.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetningar (CLP)

P280 – Notið hlífðarhanska.
P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P251 – Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.
P273 – Forðist losun út í umhverfið.
P304+P340+P312 – EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
P410 – Hlífið við sólarljósi.
P412 – Hlífið við hærri hita en 50°C.
P501 – Fargið innihaldi/ílátí í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættuleg innihaldsefni

Aðrar merkingar

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkön, ísóalkön, hringtengd, <5% n-hexan.
Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Haldið frá eldi og heitum flötum. Reykingar bannaðar.

2.3. Aðrar hættur

Hættur

Sniffun (misnotkun) leysiefna getur haft alvarleg áhrif á miðtaugakerfið, þ.m.t. meðvitundarleysi og jafnvel dauða.

PBT/vPvB

Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Vetniskolefni, C6-C7, n-alkön, ísóalkön, hringtengd, <5% n-hexan	REACH#: 01-2119475514-35	≥90	Eldf. vökví 2; H225 Húðert. 2; H315 STOT SE 3; H336 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Langv. eit. á vatn. 2; H411
Koltvísýringur	CAS#: 124-38-9 EINECS#: 204-696-9	≥1-<5	Lofitt. u þrýst.; H280

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni.
Eftir snertingu við augu	Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni.
Eftir snertingu við húð	Skolið húðina með sápu og miklu vatni eða viðurkenndum húðhreinis. Rennbleytið óhreinkuð föt með vatni áður en farið er úr þeim. Það er nauðsynlegt til að hindra að kvikni í fötunum út frá stöðurafmagni. Leðurfatnaði og -skóm sem óhreinkast af efninu skal fleygja. Þvoið föt og skó fyrir næstu notkun.
Eftir inntöku	Ekki framkalla uppköst nema að ráði heilbrigðisstarfsfólks. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. Ef viðkomandi er meðvitundarlaus, setjið í læsta hliðarlegu og leitið lækni strax. Eitrun er ekki líkleg nema efnið sé tekið inn vísvitandi í miklu magni. Leitið lækni strax.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Engar upplýsingar.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Meðhöndlun skal miðað að því að draga úr einkennum og áhrifum.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Froða, slökkviðuft.
Óviðeigandi	Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu	Afar eldfimur úði. Í bruna eða við upphitun eykst þrýstingur og ílát getur sprungið með miklum hveli. Lofttegundir geta borist með gólfi, safnast fyrir í lægðum og borið eld alla leið að upptökum og valdið sprengingu og bruna. Efnið skapar eld- og sprengihættu ef það berst í niðurföll. Þrýstihylki geta þeyst á miklum hraða í eldi.
Myndefni við bruna	Kolefnisoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðstafanir	Rýmið svæðið ef bruni kemur upp.
Hlíðarbúnaður	Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka. Kælið nálæg ílát með vatnsúða. Safnið slökkvivatni sérstaklega og hindrið að berist í vatnsfarvegi, niðurföll eða fráveitur.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir	Tryggið næga loftræstingu. Notið persónuhlífar. Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Rýmið svæðið. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk frá. Gólf geta verið hál; gætið varúðar. Notið persónuhlífar.
--------------------	--

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir	Hindrið dreifingu leka og að hann berist í holræsi, jarðveg, vatnsfarvegi og niðurföll. Afmarkið og safnið upp með hvarftregu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikulít eða kísilgúr. Setjið í viðeigandi ílát til förgunar og fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið. Forðist losun út í umhverfið.
--------------------	---

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki	Komið í veg fyrir frekari leka ef mögulegt án áhættu. Fjarlægjið ílát af lekasvæðinu. Safnið með hvarftregu ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.
Meiriháttar leki	Komið í veg fyrir frekari leka ef mögulegt án áhættu. Fjarlægjið ílát af hættusvæðinu. Safnið með hvarftregu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlít, kísilgúr. Notið áhöld sem neista ekki. Mengað ísogsefni getur valdið sömu hættu og efnið sjálft. Setjið í viðeigandi ílát til förgunar og fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Notið viðeigandi persónuhlífar. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Uðið ekki á eld eða glóandi hluti. Haldið frá eldi, heitum flötum og öðrum íkveikjugjöfum. Reykingar bannaðar. Varist innöndun gufu, úða eða lofttegunda. Notið aðeins við fullnægjandi loftræstingu. Notið sprengiheld tæki. Klútar og annað efni sem notað er til að hreinsa upp leka skapar eldhættu og skal farga á öruggan hátt strax eftir notkun.

Hreinlæti Þvotið hendur vandlega eftir meðhöndlun. Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru. Farið úr óhreinkuðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en matast er.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið í upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Haldið fjarri íkveikjugjöfum. Lokið ílátum tryggilega og geymið í uppréttri stöðu til að hindra leka.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Engar upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum efnum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tiltekna aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	8 klst. TWA	Skammtíma	Upplýsingar
Koltvísýringur	9000 mg/m ³ , 5000 ppm	-	12/1996

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Hreinlæti Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvotið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvotið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo. Tileinkið ykkur góða umgengni.

Til hlífðar augum Notið viðurkennd öryggisgleraugu ef hætta er á slettum, úða eða gufu (EN166)

Til hlífðar húð Notkun hlífðarfátanaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfátanaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega.

Til hlífðar höndum	Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374. Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuaðstæðum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni). Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út.
Til hlífðar öndun	Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítríl; 0,35mm; 240 mín. Ekki þörf við fullnægjandi loftræstingu. Veljjið öndunarhlífar eftir skilyrðum sem uppfylla kröfur staðalsins EN529.
Til verndar umhverfi	Gerðið viðeigandi ráðstafanir til að hindra eða takmarka losun.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Úði
Litur	Litarlaust
Lykt	Bensín
Suðumark	<35°C
Blossamark	<0°C (opið ílát)
Sprengimörk	
-neðri	0,8%
-efri	8%
Eðlisþyngd	0,71 g/cm ³ við 15°C
Vatnsleysni	Leysanlegt að hluta
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	>3

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin prófunargögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin skaðleg efnahvörf eða fjölliðun við venjulega notkun og geymslu.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, neistar, eldur og aðrir íkveikjugjafar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Oxarar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Brotnar ekki niður við ráðlagða notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

Augu	Engin veruleg hætta þekkt.
Inntaka	Ertir munn, háls og maga.
Húð	Veldur húðertingu.
Innöndun	Getur valdið skertri starfsemi miðtaugakerfis. Getur valdið sljóleika eða svima.

Einkenni tengd líffræðilegum og efnafræðilegum eiginleikum

Húð	Erting, roði.
Augu	Sársauki, erting, táramyndun, roði.
Inntaka	Engin gögn.
Innöndun	Erting í öndunarvegi, hósti, ógleði eða uppköst, höfuðverkur, sljóleiki/þreyta, svimi/jafnvægisleysi, meðvitundarleysi. Getur verið skaðlegt við innöndun myndefna við hitaniðurbrot.

Bráð og tafin áhrif við skammvinna eða langvinna snertingu

Innöndun	Innöndun úða eða ýrings getur valdið ertingu í öndunarfarum.
Inntaka	Inntaka í miklu magni getur valdið ógleði og niðurgangi.
Húð	Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
Augu	Getur valdið skammvinnu sársauka eða roða.

Langvinn áhrif á heilsu

Stökkbreytandi áhrif	Engin gögn.
Krabbameinsvaldandi áhrif	Engin gögn.
Eiturhrif á æxlun	Engin gögn.
Eiturhrif á þroskun	Engin gögn.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Talið lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Ekki talið safnast upp.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Getur þrengt sér um jarðveg og valdið grunnvatnsmengun.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnid er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Myndar filmu á vatni og getur hamlað súrefnisskiptum.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði (EWC) 15 01 10 – Umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim.

Förgun umbúða Fargið eins og ónotuðu efninu sjálfu. Endurnýtið ekki umbúðir.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

- ADR/RID

UN-númer	1950
Rétt sendingarheiti	AEROSOLS, Flammable
Flokkur	2.5F
Merkingar	2.1
Hættunúmer	23
Gangakóði	D
Takmarkað magn	LQ2. 1 lítra innri umbúðir.
Hættulegt umhverfinu	Já

- IMDG/IATA

UN-númer	1950
Rétt sendingarheiti	AEROSOLS
Flokkur	2
EmS	F-D, S-U
Hættulegt umhverfinu	Nei

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

CLP	H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa. H280 – Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun. H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. H315 – Veldur húðertingu. H336 – Getur valdið sljóleika eða svima. H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
-----	--

Skammstafanir

ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

TWA: Tímavegið meðaltal.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun 26. apríl 2014.

Útgáfa 3

Gert þann 29. mars 2016.

Þýðing og uppsetning Reynir Hjálmarsson

Heimild Nordic Lubricants A/S, MSDSadvice@bp.com.